

Mál nr. 372/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Kona datt í tröppum hópferðabifreiðar 30.5.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-6.
2. Bréf V dags. 20.12.2017.

Málsatvik.

M var farþegi í hópferðabifreið (A) og stóð upp til að sækja tösku þegar A var beygt snögglega og féll M niður tröppur og hlaut áverka af fallinu. Umræddur atburður átti sér stað 30.5.2015. M leitaði til læknis 17.11.2015 og hefur síðar verið í meðferð hjá læknum og sjúkrahjálfa. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar til læknisvottorðs Þorsteins Þorsteinssonar dags. 12.7.2017 þar sem fram kemur að M hafi aldrei verið með umkvartanir um verki á því svæði sem er að hrjá hana nú, fyrr en eftir slysið. M telur að einkennin sem hún hefur falli vel að slysatilvikinu og vísar til þess að engin önnur atvik fyrir slysið geti útskýrt einkenni hennar nú. M telur því nægjanlega sannað að orsakatengsl séu á milli verkjanna sem hrjá hana nú og slyssins í hópferðabifreiðinni 30.5.2015. V hafnar bótaskyldu og vísar til að tæpir sex mánuðir hafi liðið frá því að M varð fyrir slysinu þar til hún leitaði til læknis og telur ósannað að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra áverka sem M rekur til slyssins. V hafnar því að umsögn meðferðarlæknis M hafi endanlegt sönnunargildi um orsakatengsl í málinu. V vísar til þess að einkenni M séu stoðkerfiseinkenni og þegar svo langt hafi liðið frá óhappi til læknisskoðunar og einkenni svo almenn eins og hjá M þá sé ósannað að meiri líkur en minni séu fyrir því að einkennin megi rekja til umferðaróhappsins.

Álit.

Í málinu liggur ekki annað fyrir um slysið en frásögn M sjálfar. M leitaði fyrst til læknis um sex mánuðum eftir slysið og er þar greind með tiltekna áverka sem hún rekur til þess að hún féll í hópferðabifreiðinni 30.5.2015 og heimilislæknir M slær því föstu að um orsakatengsl sé að ræða milli atviksins í hópferðabifreiðinni og þeirra verkja sem hrjá M nú. Þrátt fyrir þetta álit heimilislæknis M verður ekki á það fallist að þetta álit læknisins miðað við fyrirbyggjandi gögn taki af tvímæli um að meiri líkur en minni séu fyrir því að þau einkenni sem hrjá M í dag stafi frá því atviki sem hér ræðir um. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því ekki komin fram nægjanleg sönnun fyrir því að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins 30.5.2015 og þeirra verkja sem M rekur til þess. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.